

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/27/15

frá 23. október 2002

um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 3994)

(2002/840/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

Skráin, sem samþykkt er með þessari ákvörðun, skal endurskoðuð með reglulegu millibili.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.

SAMPYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 1999/2/EB er óheimilt að flytja inn matvæli sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun frá þriðja landi nema þau hafi verið meðhöndluð í geislunarstöð sem Bandalagið viðurkennir.
- 2) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um viðurkenningu frá þremur geislunarstöðvum í Suður-Afríku og einni í Ungverjalandi fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda þeirra. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar skoðuðu geislunarstöðvarnar til að ganga úr skugga um hvort þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 1999/2/EB og einkum hvort opinbert eftirlit ábyrgist að þær uppfylli kröfur 7. gr. þeirrar tilskipunar.
- 3) Stöðvarnar í Suður-Afríku og Ungverjalandi uppfylltu flestar kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 1999/2/EB. Lögbær yfirvöld í Suður-Afríku og Ungverjalandi hafa á viðunandi hátt bætt úr því sem framkvæmdastjórnin taldi ábótavant.

1. gr.

Skráin yfir viðurkenndar geislunarstöðvar, í skilningi 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 1999/2/EB, er eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. október 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 287, 25.10.2002, bls. 40. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 51, 9.10.2003, bls. 11.

⁽¹⁾ Stj. 66, 13.3.1999, bls. 16.

*VIÐAUKI***Skrá yfir geislunarstöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu Bandalagsins****Tilvísunarnr. EU-AIF 01-2002**

HEPRO Cape (Pty) Ltd
6 Ferrule Avenue
Montague Gardens
Milnerton 7441
Western Cape
Republic of South Africa
Sími: (27-21) 551 24 40
Bréfsími: (27-21) 551 17 66

Tilvísunarnr. EU-AIF 02-2002

Gammaster South Africa (Pty) Ltd
PO Box 3219
5 Waterpas Street
Isando Extension 3
Kempton Park 1620
Johannesburg
Republic of South Africa
Sími: (27-11) 974 88 51
Bréfsími: (27-11) 974 89 86

Tilvísunarnr. EU-AIF 03-2002

Gamwave (Pty) Ltd
PO Box 26406
Isipingo Beach
Durban 4115
Kwazulu-Natal
Republic of South Africa
Sími: (27-31) 902 88 90
Bréfsími: (27-31) 912 17 04

Tilvísunarnr. EU-AIF 04-2002

Agroster Besugárázó Részvénytársaság
Budapest X
Jászberényi út 5
H - 1106
Sími: (36-1) 262 19 22
Bréfsími: (36-1) 262 19 22
